

Föstudaginn 22. nóvember 1996.

Nr. 421/1996.

Dánarbú Árna Ögmundssonar

(Bergsteinn Georgsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Ögmundar Árnasonar

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. nóvember 1996, sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1996, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á almennri kröfu á hendur varnaraðila svo og rétti sóknaraðila til að lýsa yfir skuldajöfnuði gagnvart varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að fallist verði á kröfur sínar fyrir héraðsdómi og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Með bréfi Axels Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns 19. september 1995 var kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 946.967 krónur, lýst sem almennri kröfu á hendur varnaraðila. Jafnframt var þess krafist, að þessari fjárhæð auk áfallandi vaxta og kostnaðar eftir uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti yrði skuldajafnað við arfstilkall þrotamanns í dánarbú Árna Ögmundssonar.

Í greinargerð skiptastjóra sóknaraðila við rekstur málsins fyrir héraðsdómi er krafa hans að vísu orðuð þannig, „að viðurkennt verði með dómi, að heimilt sé að draga frá arfshluta varnaraðila með skuldajöfnuði í dánarbú sóknaraðila, 964.453 kr., auk dráttarvaxta frá 9. september 1995 til dómsuppkvaðningardags“. Fyrir Hæstarétti er krafan á sama veg, svo sem áður greinir. Til þess verð-

ur hins vegar að líta, að varnaraðili hefur í varakröfu sinni fyrir héraðsdómi miðað við, að sóknaraðili haldi við kröfu sína um, að skuldin verði viðurkennd sem almenn krafa í búið, enda er það forsenda skuldajafnaðar, að gagnkrafa sé til að beita í því skyni. Í þessu ljósi verður litið svo á, að samhliða skuldajöfnuði geri sóknaraðili kröfu um viðurkenningu á almennri kröfu á hendur varnaraðila með þeirri fjárhæð, sem greindi í upphaflegri kröfulýsingu í þágu sóknaraðila.

II.

Svo sem nánar er rakið í hinum kærða úrskurði, veitti Árni Ögmundsson syni sínum, Ögmundi Árnasyni, heimild til að veðsetja íbúð sína að Bergstaðastræti 30 í Reykjavík til tryggingar tveimur skuldabréfum, samtals að fjárhæð 1.200.000 krónur. Bréfin voru í vanskilum frá 10. apríl og 10. maí 1995, og leysti sóknaraðili skuld samkvæmt þeim til sín 9. september sama ár í kjölfar sölu fasteignarinnar. Þessi ráðstöfun var sóknaraðila tæk, og gat hann á þeim grundvelli haft uppi samsvarandi kröfu á hendur Ögmundi Árnasyni. Verður að líta svo á, að umrædd krafa hafi verið orðin til við töku bús Ögmundar til gjaldþrotaskipta 27. júní 1995, enda leysti sóknaraðili til sín réttindi fyrri kröfuhafa.

Samkvæmt gögnum málsins var fjárhæð kröfu á hendur Ögmundi samkvæmt fyrrgreindum skuldabréfum 946.967 krónur, þegar bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Með vísan til 113. gr. og 1. tl. 114. gr. laga nr. 21/1991 verður krafa sóknaraðila viðurkennd sem almenn krafa með þeirri fjárhæð í þrotabúið, en varnaraðili hefur ekki fært fram rökstudd andmæli við útreikningi kröfunnar.

III.

Þótt varnaraðili geti haft uppi arfstilkall við skipti á dánarbúi Árna Ögmundssonar, stendur sóknaraðili ekki í skuld við varnaraðila. Jafnframt hafði arfur eftir Árna ekki fallið á frestdegi við gjaldþrotaskipti varnaraðila. Þá eignaðist sóknaraðili fyrst kröfu á hendur varnaraðila við fyrrgreinda innlausn 9. september 1995. Þegar af þessum ástæðum er ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 fyrir skuldajöfnuði við gjaldþrotaskipti varnaraðila, og er því kröfu sóknaraðila um hann hafnað.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Krafa sóknaraðila, dánarbús Árna Ögmundssonar, að fjárhæð 946.967 krónur, er viðurkennd sem almenn krafa á hendur varnaraðila, þrotabúi Ögmundar Árnasonar.

Hafnað er kröfu sóknaraðila um heimild til að skuldajafna kröfunni við arfstilkall varnaraðila.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. október 1996.

Mál þetta, sem þingfest var 18. september sl., var tekið til úrskurðar 16. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er dánarbú Árna Ögmundssonar, kt. 120611-5509, Garðastræti 6, Reykjavík, en varnaraðili þrotabú Ögmundar Árnasonar, kt. 050847-5439, Snorrabraut 71, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru, að viðurkennt verði með úrskurði, að heimilt sé að draga frá arfshluta varnaraðila með skuldajöfnuði í dánarbú sóknaraðila 964.453 krónur auk dráttarvaxta frá 9. september 1995 til úrskurðardags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að hann verði felldur niður.

Dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að hafnað verði kröfu sóknaraðila, eins og henni er lýst í þrotabúið, að fjárhæð 964.453 krónur, og hafnað verði, að heimilt sé að draga þá kröfu auk dráttarvaxta frá 9. september 1995 til úrskurðardags frá arfshluta varnaraðila með skuldajöfnuði, til vara, að krafan verði aðeins tekin til greina að hluta sem almenn krafa skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 og vaxtakröfu sóknaraðila hafnað og ekki verði fallist á heimild sóknaraðila til skuldajöfnunar við arfshluta varnaraðila. Þá er þess krafist, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað auk virðisaukaskatts að skaðlausu eftir mati dómsins.

I.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1995 var bú Ögmundar Árnasonar tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Var Þorvaldur Jóhannesson héraðsdómslögmaður skipaður skiptastjóri þrotabúsins. Hann upplýsir, að 9. febrúar 1995 sé frestdagur við skiptin, en lok kröfulýsingarfrests hafi verið 21. september 1995, sbr. kröfuskrá, dskj. nr. 2. Þá segir í greinargerð varnaraðila, að Árni Ögmundsson, faðir þrota-

manns, hafi látist 1. september 1995; þannig sé þrotabúið nú með stöðu erfingja dánarbús Árna heitins.

Greint er frá því, að Árni hafi með kaupsamningi 31. ágúst 1995 selt þriggja herbergja risibúð sína að Bergstaðastræti 30 í Reykjavík, og hafi tvö veðskuldabréf, sem Ögmundur Árnason var skuldari að, hvílt á eigninni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi aflétta veðskuldum þessum, sem og var gert fyrir tilstuðlan fasteignasölunnar Eignamiðlunar. Greiddar voru 964.453 krónur af andvirði húsbréfa, sem voru hluti af kaupverði.

Erfingjar hins látna eru börn hans, Lilja og Ögmundur. Að beiðni Lilju Árnadóttur lýsti Axel Kristjánsson hrl. kröfu, að fjárhæð 946.967 krónur, í þrotabúið „fyrir dánarbúi Árna Ögmundssonar“, sem barst skiptastjóra 20. september 1995. Þess var krafist, að kröfunni yrði skuldajafnað að fullu, „þ. e. með 964.453 kr., auk vaxta frá 9. september 1995 á móti væntanlegum erfðahlut protamanns í dánarbúi Árna Ögmundssonar, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991“.

Í greinargerð skiptastjóra þrotabúsins og málsvara varnaraðila segir, að kröfu Axels Kristjánssonar hrl. hafi verið hafnað, og hafi honum ekki tekist að jafna ágreining, sem um þetta varð. Þá segir, að hann hafi ritað sýslumanni í Reykjavík bréf 21. nóvember 1995 þess efnis, að ekki yrði gengið til einkaskipta á dánarbúinu „með þeirri ábyrgð, sem því gæti fylgt, og ekki vitað um skuldastöðu hins látna“. Hinn 27. desember 1995 hafi síðan dánarbúið að kröfu sýslumannsins í Reykjavík verið tekið til opinberra skipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, og hafi Bergsteinn Georgsson héraðsdómslögmaður verið skipaður skiptastjóri dánarbúsins. Þess er getið, að ekki hafi þá heldur reynst unnt að jafna ágreining aðila, og hafi því skiptastjóri þrotabúsins vísað málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi, dags. 8. júlí 1996.

II.

Sóknaraðili vísar til þess, að Árni heitinn Ögmundur hafi veitt syni sínum, Ögmundi Árnasyni, leyfi til að veðsetja íbúð sína í húseigninni nr. 30 við Bergstaðastræti í Reykjavík til tryggingar tveimur skuldabréfum, upphaflega að fjárhæð 800.000 krónur og 400.000 krónur, en skuldabréfin hafi verið í vanskilum síðan 10. apríl 1995 og 10. maí 1995. Þegar Árni hafi selt íbúð sína, hafi honum borið samkvæmt sölusamningi að láta aflýsa þessum veðskuldum sem fyrst og eigi síðar en 15. september 1995. Hafi því skuldabréfin verið að fullu greidd 9. september 1995 af söluandvirði íbúðarinnar. Af hálfu sóknaraðila er bent á, að leyfi til veðsetningar íbúðarinnar hafi verið veitt 3. september 1990, þ. e. 4 árum og 5 mánuðum fyrir frestdag. Því sé augljóst, að ekki sé um að ræða kröfu, sem stofnað hafi verið til í þeim

tilgangi að skuldajafna. Þá er skírskotað til yfirlýsingar þrotamannsins Ögmundar Árnasonar, dags. 21. ágúst 1995, þar sem segir:

Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég afsala mér rétti til arfs að þeirri fjárhæð, sem greidd verður í tengslum við kaupsamningsgerð, af sölu- andvirði íbúðar föður míns, Árna Ögmundssonar, að Bergstaðastræti 30, Reykjavík, vegna skulda minna, sem hann veitti veðleyfi fyrir í íbúðinni (tvö veðskuldabréf).

Af hálfu sóknaraðila er haldið fram, að bæði sanngirnis- og jafnræðis- sjónarmið leiði til þess, að taka beri kröfu sóknaraðila til greina. Upplýst sé, að umræddar veðkröfur stöfuðu beinlínis frá Ögmundi Árnasyni, arfleif- anda algjörlega óviðkomandi, og ekkert bendi til, að arfleifandi hafi viljað mismuna erfingjum sínum með þeim hætti að greiða skuldir Ögmundar án þess að skerða erfðahluta hans að sama skapi.

III.

Af hálfu varnaraðila er byggt á því, að arfleifandi, Árni Ögmundsson, hafi í lifanda lífi tekið þá ákvörðun að greiða umræddar veðskuldir, þegar hann seldi íbúð sína að Bergstaðastræti 30; honum hafi verið frjálst að gera þetta, og því séu engin skilyrði til þess, að dánarbúið hafi með þessari ráð- stöfun hins látna inter vivos eignast kröfu á hendur þrotabúinu. Þá er reist á því, að krafa þrotabúsins, varnaraðila þessa máls, á hendur dánarbúinu, sóknaraðila þessa máls, hafi ekki orðið til fyrr en við andlát Árna Ög- mundssonar 1. september 1995. Frestdagur við skiptin sé 9. febrúar 1995, en ákv. lokamálsliðar 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 setji það skilyrði, að krafa sú hafi orðið til fyrir frestdag, sem ætlað er að skuldajafna gagnkröfu á móti.

Mótmælt er arfsafsali þrotamanns, svo sem það kemur fram á dskj. 4, yfirlýsingu, dags. 21. ágúst 1995, sem þýðingarlausu fyrir þrotabúið. Áréttað er, að skuldajöfnuður, eins og hér um ræðir, myndi raska mjög jafnræði kröfuhafa. Kröfunni sé lýst í búið sem almennri kröfu, og eigi því kröfuhafi ekki að fá aðra og betri stöðu en aðrir almennir kröfuhafar við skiptin og úthlutun eigna þrotabúsins.

IV.

Niðurstaða.

Sóknaraðili skuldar ekki þrotabúi Ögmundar Árnasonar neina tilgreinda fjárhæð, og verður því ekki komið við frádrætti á skuld, eins og ákv. 1. mgr. 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 gera ráð fyrir. Annað mál er það, að þrotabúið kann að eiga erfðatilkall til eigna dánarbúsins að ein- hverju marki. Einsætt er, að arfshluti þrotabúsins í dánarbúinu verður að vera formlega ákveðinn, áður en skiptafundur kröfuhafa í þrotabúið getur

með góðu móti tekið afstöðu til, hvernig bregðast skuli við hugsanlegum skuldajöfnuði, eins og hér er efnislega gerð krafa um af hálfu dánarbúsins. Með öðrum orðum stendur það skiptastjóra dánarbús Árna Ögmundssonar næst að ákveða, hvað fellur til þrotabús Ögmundar Árnasonar af fjármunum dánarbúsins. Um þá ákvörðun má síðan deila, ef verkast vill, og leggja fyrir héraðsdóm sem ágreiningsmál með þeim hætti, er lög um skipti á dánarbúum o. fl. nr. 20/1991 gera ráð fyrir.

Þannig er hafnað dómkröfu sóknaraðila í þessu máli og fallist á aðalkröfu varnaraðila að því leyti, að hafnað er kröfu sóknaraðila, eins og henni er lýst í þrotabúið.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila í máli þessu er hafnað. Þá er hafnað kröfu sóknaraðila, þar sem hann lýsir sem almennri kröfu í þrotabú Ögmundar Árnasonar skv. 113. gr. laga nr. 21/1991 964.453 krónum auk vaxta frá 9. september 1995 til skuldajafnaðar að fullu á móti væntanlegum erfðahlut þrotamanns í dánarbúi Árna Ögmundssonar. Einnig er hafnað kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 946.967 krónur, sem hann lýsir til vara í þrotabúið sem almennri kröfu með sama hætti og aðalkröfu.

Sóknaraðili, dánarbú Árna Ögmundssonar, greiði varnaraðila, þrotabúi Ögmundar Árnasonar, 35.000 krónur í málskostnað.
